

Atvinnuveganefnd Alþingis

19. maí 2020

Efni: Umsögn Markaðsstofu Norðurlands - Frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011 (markmið og hlutverk).

Þann 6. mars síðastliðinn birti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Í umsögn Markaðsstofu Norðurlands (MN) þann 19. mars síðastliðinn kemur fram almenn ánægja með frumvarpið og þá sérstaklega að lögin stuðli að svæðisbundinni þróun sem sé byggð á skipulagi og áætlunum einstakra landshluta, s.s. áfangastaðaáætlunum.

Hins vegar gerir MN athugasemdir við þær áherslur sem settar eru um ferðamannaleiðir út frá lögum nr. 20/2016, og að ekki skuli vera litið til ferðamannaleiðar sem akvegur. Í fyrri umsögn MN var farið yfir mikilvægi þess að akvegir væru líka skilgreindir sem ferðamannaleiðir í lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Í umfjöllun á frumvarpinu á althingi.is eru færð rök fyrir því að ekki skuli vera litið til ferðamannaleiðar sem akvegur, vegna þess að um akveg gildi vegalög nr. 80/2007. Auk þess m.a. að í 1. mgr. 2.gr. laga um samgönguáætlun, nr. 33/2008 sé metið og tekið tillit til þarfa ferðaþjónustunnar í bættum samgöngum.

Er það mat MN að verði þetta frumvarp samþykkt, verði takmörkuð uppbygging við útskot/áningarstaði Vegagerðarinnar sem eru á vegumráðasvæði þeirra. Vegagerðin hefur svarað óskum og fyrirspurnum MN um útskot/áningarstaði þannig að ekki séu búin til ný útskot eða áningarstaðir meðfram vegi nema heildar endurbætur standi til á viðkomandi vegi, sem eru þá væntanlega á samgönguáætlun. Það þýðir að vegur sem nýlega hefur verið byggður upp geti ekki fengið nýtt útskot eða áningarstað. Auk þess hefur MN óskað eftir að fá að setja upplýsingaskilti á núverandi áningarstöðum, en þar sem ekki eru til reglur um slíkt hjá Vegagerðinni hefur ekki verið hægt að fá slíkt í gegn.

Óvissa er um hver fjármagnar þær framkvæmdir sem þarf að gera á vegumráðasvæði Vegagerðarinnar. Dæmi: Áningarstaður meðfram þjóðvegi sem er orðinn vinsæll áfangastaður til að stoppa á. Ef þar vantar klósett, gönguleið, skilti, útsýnispall eða annað slíkt, hver á að fjármagna slíkar framkvæmdir? Er það upplifun MN að Vegagerðin líti ekki á það sem þeirra hlutverk, þar sem hlutverk hennar sé fyrst og fremst að tryggja öryggi vegfarenda. Skv. þessu frumvarpi er það ekki heldur hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða að fjármagna uppbyggingu á vegumráðasvæði Vegagerðarinnar. Þá er spurningin hverra er að fjármagna slíkar framkvæmdir?

Í dag heldur Markaðsstofa Norðurlands utan um tvær ferðamannaleiðir á Norðurlandi sem eru annars vegar Norðurstrandarleið og hins vegar Demantshringurinn. Í báðum tilfellum eru margir áningarstaðir sem mögulega þarf að byggja upp í framtíðinni og hefur MN áhyggjur af hvernig sú uppbygging geti átt sér stað.

Markaðsstofa Norðurlands er tilbúin að veita nánari upplýsingar ef eftir því er leitað.

Virðingarfyllt,



Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2020
2005017SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011, mál nr. 712

Vísað er til tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis dags. 6. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til breytinga á lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, mál númer 712.

Almennt

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 1. gr. laganna sem skilgreinir markmið og hlutverk sjóðsins. Með breytingunum er verið að endurskilgreina hlutverk laganna og miða þær að því að lögín endurspegli stefnu stjórnvalda sem birtist m.a. í *Framtíðarsýn og leiðarljósi ferðaþjónustunnar til 2030*. Þar kemur fram sú sýn að íslensk ferðaþjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun byggt á þremur meginstoðum, þ.e. efnahagslegu, samfélagslegu og umhverfislegu jafnvægi, og að ferðaþjónustan verði arðsöm og samkeppnishæf atvinnugrein, í sátt við land og þjóð.

Nánar tiltekið felast breytingarnar í því að endurskilgreina gildissvið laganna þannig að það nái jafnframt til markmiða um að stuðla að jafnri dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun á vegum sveitarfélaga og einkaaðila. Auk þess er lögð til breyting sem miðar að því að sjóðnum sé heimilt að veiti styrki til framkvæmda við ferðamannaleiðir og er það til samræmis við ákvæði laga nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Þá eru lagðar til breytingar til að skýra betur hvaða framkvæmdir heimilt er að fjármagna með fé úr sjóðnum.

Með frumvarpinu er einnig tekinn af allur vafi um það að framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum séu ekki styrkhæfar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Er breytingunni ætlað að skýra gildissvið milli laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Þannig er gert ráð fyrir að helstu ferðamannastaðir landsins sem eru í opinberri eigu ríkis og sveitarfélaga og þarfnast kostnaðarsamrar uppbyggingar séu á landsáætlun en fyrir aðra minni ferðamannastaði í eigu eða umsjón sveitarfélaga komi Framkvæmdasjóður ferðamannastaða frekar að fjármögnun. Í reynd er hér um óverulega breytingu að ræða og að álit sambandsins hefur þessi verkaskipting milli landsáætlunar og framkvæmdasjóðsins heilt yfir tekist vel.

Afstaða sambandsins

Samkvæmt stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2018-2022 er lögð áhersla á að sambandið beiti sér fyrir því að ríki, sveitarfélög, landeigendur og ferðaþjónustan vinni saman að því að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna á viðkvæma staði í íslenskri náttúru. Áhersla verði lögð á nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og að umferð ferðamanna verði beint á landsvæði sem þola aukna umferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að vegum og öðrum innviðum verði viðhaldið til að þeir þoli þá auknu umferð sem leiðir af fjölgun ferðamanna.

Umræddar breytingar eru í samræmi við áherslur sambandsins hvað varðar uppbyggingu á ferðamannastöðum og styður sambandið því þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Jafnframt er það álit sambandsins að fyrirhugaðar lagabreytingar festi Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í sessi, sem er mikilvægt nú þegar horfur í ferðaþjónustu eru neikvæðari en nokkru sinni fyrr.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík



Reykjavík 18. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011, mál nr. 712.

Vísað er til tölvubréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis dags. 6 maí sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011, mál nr. 712.

SAF - Samtök ferðaþjónustunnar vilja koma því á framfæri að breytingarnar sem koma fram í frumvarpinu séu almennt mjög jákvæðar fyrir framkvæmd laganna. Markmið laganna að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt er mjög göfugt. Gildissvið laganna, að leggja áherslu á að markmiðið stuðli að sjálfbærri þróun, jafnvægi og svæðisbundinni þróun í samræmi við skipulag og áætlanir einstakra landshluta, svo sem áfangastaðaáætlanir er mjög jákvætt.

Að mati SAF þurfa lögini að styðja við uppbyggingu kaldara svæða sem og að mat á umsóknum verði höfð að leiðarljósi efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg áhrif hvers verkefnis fyrir sig.

Samtökin telja frumvarpið skorta rýmkun á hugtakinu „*ferðamannaleið*“ svo að það nái einnig yfir ferðamannavegi. Akvegirnir sjálfir heyra undir vegalög, nr. 80/2007, eins og réttilega er bent á í greinargerð frumvarpsins og er því ekki um að ræða fjármögnum á akveginum sjálfum heldur uppbyggingu þjónustu, merkingar áfangastaða og aðbúnaðar við þá vegi sem byggja á upp sem ferðamannavegi. Því til stuðnings er vert að benda á öflugra uppbygging ferðamannavega í Noregi, þar sem ferðamannavegirnir sjálfir og jafnvel vel útfærðir áningarstaðir veganna eru nú einhverjir sterkustu seglar landsins. Með öflugri uppbyggingu ferðamannavega næst meiri dreifing ferðamanna, lífsgæði heimamanna eru aukin og aðgengi að áfangastöðum verður betra.

SAF telja afar mikilvægt að ferðamannavegir falli undir ferðamannaleiðir og að framkvæmdarsjóður horfi til fjármögnunar ferðamannaleiða sem langtíma verkefni.

SAF benda einnig á nauðsyn þess að úthluta fjármunum til lengri tíma í senn en gert er nú. Sum verkefni eru þess eðlis að þau geta fengið úthlutun til eins árs en önnur þurfa

þolinmótt fjármagn og úthlutun til lengri tíma en til eins árs. Því er mikilvægt að grunn fjármögnun sjóðsins sé áætluð til lengri tíma og að úthlutunarreglum verði breytt svo hægt sé að bregðast við langtíma fjármögnunarþörf.

Að lokum vilja samtökin ítreka mikilvægi samspils Framkvæmdarsjóðs, Landsáætlunar og áfangastaðaáætlana landshlutanna í uppbyggingu á ferðamannastöðum og lýsa yfir ánægju með þau góðu verkefni sem þessir aðilar hafa staðir fyrir.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in cursive script, reading "Jóhannes Þór Skúlason".

*Jóhannes Þór Skúlason,
framkvæmdastjóri*

Alþingi
Atvinnuveganefnd
sent á nefndasvid@nefndasvid.is

Ísafirði 20. maí 2020

Umsögn frumvarp til breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða mál 712, 150 lögjafarþing.

Vestfjarðastofa styður við markmið frumvarpsins um breytingu á hlutverki Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og það endurspeglir í auknu mæli áherslur á svæðisbundna þróun og jafna dreifingu ferðamanna.

Vestfjarðastofa vill hinsvegar ítreka umsögn og umsagnir fleiri aðila er sendar voru inn í Samráðsgátt, þar sem mótmælt er því að skilgreining á hugtakinu *ferðamannaleið* eigi ekki við akveg, heldur eingöngu gönguleið, reiðleið og reiðhjólaleið. Nánar tiltekið segir í umsögn Vestfjarðastofu í Samráðsgátt.

Vestfjarðastofa gerir athugasemd við að í 2. mgr 1. gr (og í skýringum við lagagreininna) verði hugtakið “Ferðamannaleið” skilgreint með sama hætti og í 2. mgr, 2.gr laga 20/2016 Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. En þar er “Ferðamannaleið” skilgreind sem gönguleið, reiðleið og reiðhjólaleið. Gangi frumvarpið óbreytt fram þá útilokar það styrki Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, til að taka þátt í verkefnum sem tengjast framkvæmdum við ferðamannastaði tengdum akvegum. Bendir Vestfjarðastofa á að á vegum Vegagerðarinnar er nú til umræðu skilgreining á sama hugtaki. Vestfjarðastofa bendir á nú hratt vaxandi afþreyingu ferðamanna á Íslandi að aka skilgreindar ferðamannaleiðir. Á Vestfjörðum og Vesturlandi er nú unnið að þróun nýrrar ferðamannaleiðar *Vestfjarðaleiðin*, sem fer um átta sveitarfélög á Vestfjörðum, um Dalabyggð og að hluta í Húnaþingi Vestra. Jafnframt hefur Norðurland skilgreint tvær ferðamannaleiðir, annars vegar Norðurstrandarleið og hins vegar Demantshringurinn.

Í greinargerð með frumvarpinu er farið yfir athugasemdir sem sendar voru inn í Samráðsgátt. Þar ákvæðið um að útloka akvegi skýrt með að skýr skil séu til staðar um hlutverka ráðuneyta og stofnana þeirra, eða sem segir

Það er ekki hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða að fjármagna framkvæmdir í samgöngumálum þó svo að þær geti nýst ferðaþjónustunni heldur er um sérstakan málaflokk að ræða sem heyrir undir annað ráðuneyti og sérstaka stofnun. [Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti og Vegagerðin]

Vestfjarðastofa telur að slík skýr mörk séu ekki til staðar og hlutverk Vegagerðar og í þessu tilviki hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða skarist gagnvart hugtakinu *ferðamannaleið*. Báðar þessar stofnanir hafa hlutverki að gegna með því, annars vegar að tryggja greiða og örugga för um landsvæði en hinsvegar að stuðla að uppbyggingu afþreyingar samhliða verndun náttúru og menningarminja.

Ef skoðuð er stefnumörkun í samgöngumálum hvað þessa skörun varðar má í Samgönguáætlun 2019 – 2033 (11/149) finna almennar áherslur samgöngukerfis gagnvart ferðaþjónustunni

2.1.4. Samgöngukerfið taki tillit til þarfa ferðaþjónustunnar, m.a. vegna markmiða um dreifingu ferðamanna um landið. Sérstaklega verði hugað að vetrarþjónustu á vegakerfinu.

Annað hlutverk Vegagerðarinnar sem nýtist ferðaþjónustu er varðar *almennings-samgöngur, gangandi og hjólandi; fjölbreyttir ferðamátar.*

2.1.24 Áfram verði stutt við gerð stofnstíga í þéttbýli. Við gerð stofnstíga meðfram þjóðvegum með aðskilnaði mismunandi samgöngumáta verði forgangsraðað í þágu öryggis.

2.1.25 Leitast verði við að gera hjólreiðar og göngu að greiðum og öruggum ferðamáta.

Sambærileg markmið eru í tillögu að þingsályktun um Samgönguáætlun 2020-2034 en vægi göngu og reiðhjóla sem samgöngumáta er markvisst aukið með vísan til loftlagsmála en einnig öryggismála.

Hjóla- og göngustígar (utan höfuðborgarsvæðisins).

Fjárveiting tekur mið af því að auka verulega möguleika á hjólreiðum með framkvæmdum við stígagerð. Reiknað er með að viðkomandi sveitarfélög taki þátt í kostnaði að undangengnum samningum þar um. Miðað er við að þátttaka Vegagerðarinnar verði allt að helmingur kostnaðar nema á langleiðum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem kostnaðarþátttaka getur orðið meiri. Fjárveitingin hér miðast við göngu- og hjólastíga utan höfuðborgarsvæðisins en stígar á höfuðborgarsvæðinu eru hluti af Samgöngusáttmálanum. Með stígagerðinni er stefnt að því að umferð hjólandi ökumanna verði ekki leyfð á vegum samhliða stígum.

Einnig má finna nýtt ákvæði er varðar markmið um jákvæða byggðáþróun

2.5.4 Mótúð verði stefna um vegi sem þjóna aðallega ferðamönnum.

Sett í hnotskurn má telja að í Samgönguáætlun sé verið sé að auka við hlutverk Vegagerðar að koma ferðamönnum **á áfangastað**, og þá með margvíslegum hætti s.s. akandi, gangandi og hjólandi. En þegar komið er í áfangastað taki ferðaþjónustan/sveitarfélög við með **afþreyingu** og þar komi til hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða m.a. við uppbyggingu akvegjar sem ferðamannaleiðar.

Til að skýra nánar, þá má tilgreina dæmi um verkefni á ferðamannaleið, er uppbygging útskota / áfangastaða við akvegi. Hér geta verið dæmi um útsýnisstað, áhugaverðar menningarminjar o.fl.. Annað verkefni eru uppbygging áfangastaðar við akveg þar sem er um er að ræða upphaf eða endir á gönguleið, reiðleið eða reiðhjólaleið. Hér má segja að sé augljós skörun. Má þá einnig hugleiða hvort eigi að skilgreina leið/veg, sem liggur meðfram þjóðvegi, sem **hjólræðastíg** fjármagnaðan af Samgönguáætlun og sveitarfélögum eða sem **reiðhjólaleið** sem fjármögnuð er af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og sveitarfélögum.

Vestfjarðastofa vill því beina til Atvinnuveganefndar að óska eftir áliti Umhverfis og samgöngunefndar um efni frumvarpsins, en nefndin hefur enn til umfjöllunar þingsályktun um Samgönguáætlun 2020-2034.

Taka verði til skoðunar hvernig hægt sé að samþætta akveg, sem ferðamannaleið til afþreyingar og ferðamannaleiðar sem hluta af innviðum samgöngukerfis. Skýra verður hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Vegagerðar og hvernig leyst verði úr verkefnum þar sem hlutverk þeirra skarast og aflað fjárheimilda til verkefna.

Vestfjarðastofa telur ella að gangi frumvarpið óbreytt, fram þá tapist eða tefjist um of tækifæri til að efla svæðisbundna þróun og jafna dreifingu ferðamanna. Ráðuneyti og stofnanir þeirra megi ekki horfa um of á málefnasvið hvers heldur þess í stað að horfa á heildarmynda og markmið.



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011 (markmið og hlutverk). Þingskjal 1220 — 712. mál.

Sjálfsbjörg Ish. og Öryrkjabandalag Íslands lögðu fram sameiginlega umsögn um drög að frumvarpi þessu í samráðsgátt stjórnvalda, þ. 20. mars 2020. Þar sem misskilnings virðist gæta um rökstuðning samtakanna í umsögninni er efni hennar hér með ítrekað.

Í umsögninni er lagt til að í 1. gr. laga um Framkvæmdasjóð ferðamanna, nr. 75/2022, sé áréttað að einn höfuðtilgangur sjóðsins sé að tryggja öllum aðgang að ferðamannastöðum út frá sjónarmiðum algildrar hönnunar. Þá verði umsóknir metnar út frá því hvernig framkvæmdir muni bæta aðgengi.

Í rökstuðningi fyrir því að hafna framangreindri breytingartillögu segir í 2. mgr., 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu:

„Bent er á að framkvæmdir sem Framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkir geta verið margvíslegar og á ólíkum stöðum í náttúru Íslands. Þegar um er að ræða mannvirki sem falla undir lög um mannvirki, nr. 160/2012, þá gilda þau lög um framkvæmdina, m.a. hvað varðar algilda hönnun. Þá er þess gætt í framkvæmd, eins og umsagnaraðili benti á, að þegar við á sé lögð áhersla á aðgengi fyrir alla. Með vísan til framangreinds leiðir umsögnin ekki til breytinga á efni frumvarpsins.“

Því er til að svara að það er skylda stjórnvalda að búa svo um hnúta að framkvæmdir á stöðum sem ætlaðir eru almenningi séu eins aðgengilegir öllum og framast er hægt. Ferðamannastaðir hljóta, eðli sínu samkvæmt, vera ætlaðir almenningi. Framkvæmdir við ferðamannastaði þurfa því að taka mið af þörfum alls almennings, einnig fatlaðs fólks og sjúklinga.

Víða getur verið erfitt eða ómögulegt að bæta aðgengi svo að allir fái notið. Þá mun það koma fram með rökstuddum hætti í umsókn. Það er ekki ásættanlegt að leyfa því að skautað verði framhjá eðlilegri kröfu um að jafna aðstöðu fólks með því að segja að framkvæmdir geti verið margvíslegar og á ólíkum stöðum.

Oftast hægt að gera meira og betur, ef lagst er aðeins betur yfir áætlanirnar. Væri hægt að jafna halla á stígum? Slétta yfirborð? Setja upp rampa? Bæta upplýsingar? En því verður að ýta eftir. Hugarfarsbreyting næst ekki í tómarúmi.

Svo er því haldið fram að þess sé gætt í framkvæmd að þegar á við sé lögð áhersla á aðgengi fyrir alla. Það væri áhugavert að sjá gögn sem staðfesti það, því undirritaðir hafa séð fjölmörg dæmi um annað og því er hvergi haldið fram í fyrri umsögn að svo sé, þrátt fyrir að það sé staðhæft í greinargerð.

Sjálfsbjörg Ish. og Öryrkiabandalag Íslands leggja hér með aftur fram eftirfarandi tillögu að breytingu á 1. mgr., 1. gr. laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011:


Markmið laga þessara er að stuðla [að] uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar stoðar í íslensku atvinnulífi. Ennfremur er markmið sjóðsins að styðja við uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða út frá sjónarmiðum alqildrar hönnunar. Það er jafnframt markmið laga þessara að stuðla að dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

Í framhaldinu þarf síðan að breyta reglugerð svo að þess sé krafist að umsækjendur geri grein fyrir því hvernig framkvæmdir muni bæta aðgengi fatlaðs fólks. Þeir þættir verði vegnir inn við mat á umsóknum, enda þurfi umsækjendur að rökstyðja hvað verði gert til að bæta aðgengi alls almennings að svæðinu. Einnig þarf að tryggja að við úthlutun úr sjóðnum sé farið að mannvirkjalögum og að aðgengi fyrir alla sé hvort geymt til seinni tíma eða því sleppt.

Virðingarfyllst.



Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish.



Stefán Vilbergsson verkefnastjóri aðgengis- og heilbrigðismálahópa hjá ÖBÍ.

Fylgiskjal:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011, dags. 20. mars 2020.



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

postur@anr.is

Samráðsgátt- samradsgatt.island.is

Reykjavík, 20. mars 2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011

Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 75/2011 sem nú liggur fyrir felst áhersla frumvarpsins í að styðja við uppbyggingu á stöðum í dreifbýli sem muni dreifa ferðamönnum betur um landið og efla dreifðari byggðir. Það er gott svo langt sem það nær, en frekari breytinga á lögnum er þörf.

Það verður að vera tryggt að löggjöfin styðji við aðra innlenda löggjöf og alþjóðlegar skuldbindingar, svo sem að þær sem kveða á um að manngert umhverfi sem almenningur hafi aðgang að skuli vera aðgengilegt öllum almenningi.

Í 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, SRFF, segir:

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang til jafns við aðra að hinu efnislega umhverfi[...] Fyrirnefndar ráðstafanir, sem skulu meðal annars felast í því að staðreyna og útrýma hindrunum og tálum sem hefja aðgengi, skulu meðal annars ná til: bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þar með talið skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisþjónustu og vinnustaða,

Í 30. gr. SRFF segir.

1 mgr.: Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í menningarlífi til jafns við aðra og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk [...] njóti aðgengis að stöðum þar sem menningarefni eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðamannastöðum og njóti, eftir því sem við verður komið, aðgengis að minnisvörðum og stöðum sem eru mikilvægir í þjóðmenningarlequ tilliti.

5. mgr.: Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við aðra þátt í tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi með því að [...] tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótt- og tómsundastarf fer fram og að ferðamannastöðum.

Kveðið er á um aðgengi fyrir alla og algilda hönnun í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010.

Í 3. tölul. 3. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2012 segir.:

Algild hönnun: Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlað fólk sé þeirra þörf.

Opinber sjóður eins og framkvæmdasjóður ferðamannastaða verður að gera kröfu um að skilyrði fyrir styrkveitingu sé að uppbyggingarframkvæmdir miði að því að aðgengi að ferðamannastöðum verði nægilegt fyrir alla, hvort sem þeir séu í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila.

Við yfirferð á lögum um framkvæmdasjóð ferðamannastaða og frumvarp um breytingu á lögum um sjóðinn, svo og reglugerð um sjóðinn kemur ýmislegt í ljós

Um markmið og hlutverk sjóðsins segir í 1. gr. laga um framkvæmdasjóð ferðamannastaða:

[Framkvæmdasjóður ferðamannastaða skal stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt.] 1) Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

Það heyrir því ekki til markmiða sjóðsins skv. lögnum að tryggja það að allur almenningur hafi aðgang að þeim ferðamannastöðum sem hann styrkir til uppbyggingar.

Allar upplýsingar til umsækjenda eru á heimasíðu Ferðamálastofu. Hvergi koma fram kröfur eða tilmæli um að í áætlunum sé gert ráð fyrir að staðurinn verði aðgengilegur öllum. Það eina sem finnst eru "Áherslur Framkvæmdasjóðsins er varða skipulag og hönnun, útlit og gæði mannvirkja og merkinga koma m.a. fram í eftirfarandi ritum "["Aðgengi fyrir alla" bæklingurinn](#)" sem Ferðamálastofa gaf út fyrir 13 árum síðan. Þær leiðbeiningar þarf að uppfæra með tilliti til nýrra mannvirkjalaga auk alþjóðlegra skuldbindinga svo sem SRFF svo og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Dæmi er um framkvæmdir sem fengið hafa styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en aðgengi fyrir hreyfihamlaða er sleppt. Húsnæði sem ekki er með lyftu en lyftugöngum er dæmi um slíkt. Sú staða er til að mynda upp á borðinu á Borgarfirði Eystra þar sem þjónustuhús við bátahöfnina- Hafnarhólma stendur tilbúið en lyfta er ekki kominn í bygginguna. Í gögnum Framkvæmdasjóðsins ferðamannastaða sem Ferðamálastofa heldur utanum, kemur sérstaklega fram að "lögð er áhersla á aðgengi fyrir alla". Bréfritarar eru allt annað en ánægðir með þessa stöðu enda vísa þeir aðilar sem að byggingu þjónustuhússins koma ábyrgðinni hver á annan.

Tillögur til breytingar

Breytingarnar þær sem lagðar eru til í umræddu lagafrumvarpi eru til þess fallnar að efla landsbyggðina og ferðamannastaði þar, sem er hið besta mál, en meira þarf að koma til.

Lagt er ti að 1. Mgr. 1. Gr. laga um framkvæmdasjóð ferðamannastaða verði breytt svohljóðandi:


Markmið laga þessara er að stuðla [að] uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar standa í íslensku atvinnulífi. Ennfremur er markmið sjóðsins að styðja við uppbyggingu ferðamannastaða og ferðamannaleiða út frá sjónarmiðum alqilðrar hönnunar. Það er jafnframt markmið laga þessara að stuðla að dreifingu ferðamanna um landið og styðja við svæðisbundna þróun.

Í framhaldinu þarf síðan að breyta reglugerð svo að þess sé krafist að umsækjendur geri grein fyrir því hvernig framkvæmdir muni bæta aðgengi fatlaðs fólks. Þeir þættir verði vegnir inn við mat á umsóknum, enda þurfi umsækjendur að rökstyðja hvað verði gert til að bæta aðgengi alls almennings að svæðinu. Einnig þarf að tryggja að við úthlutun úr sjóðnum sé farið að mannvirkjalögum og að aðgengi fyrir alla sé hvort geymt til seinni tíma eða því sleppt.

Virðingarfyllst.



Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar lsh.



Stefán Vilbergsson verkefnastjóri aðgengis- og heilbrigðismálahópa hjá ÖBÍ.